

Héraðsdómur Vesturlands



D Ó M U R

10. desember 2025

Mál nr. S-100/2025

Lögrelustjórinn á Vesturlandi
(*Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

Arturas Baksys
(Leó Daðason lögmaður, verjandi ákærða)

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 10. desember 2025

I. Málsmæðferð, ákæruskjal og dómkröfur aðila

1. Mál þetta er höfðað með ákæru Lögreglustjórans á Vesturlandi, útgefinni 26. mars 2025, á hendur Arturas Baksys, kt.,,

2. Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða:

„...fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, miðvikudaginn 19. júní 2024, stjórnað vinnuvélinni (jarðýtu) GB-0630 undir áhrifum áfengis (í blóðsýni mældist vínandamagn 3,82 ‰) á eða við Elínarveg á Akranesi.

Telst háttsemi þessi varða við 1., sbr. 3. mgr. 49. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar skv. 99. gr. og 101. gr. laga nr. 77/2019.“

3. Ákæruvaldið krefst sakfellingar samkvæmt ákæru.

4. Verjandi ákærða krefst þess að ákærði verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins. Þá krefst verjandi málsvarnarlauna sér til handa, sem greiðist úr ríkissjóði.

5. Aðalmeðferð málsins fór fram 17. nóvember 2025, með skýrslutökum af ákærða og vitnum. Að loknum munnlegum máflutningi var málið dómtekið.

II. Málsatvik

6. Miðvikudaginn 19. júní 2024 klukkan 10:16 barst lögreglu tilkynning í gegnum Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra að ökumaður vinnuvélar við Elínarveg á Akranesi væri grunaður um að vera að stjórna henni undir áhrifum áfengis. Búið væri að taka af honum kveikjulaslyklana en hann neiti að yfirgefa vinnuvélina.

7. Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að á vettvangi hafi lögreglumenn hitt fyrir vitnin [A...] yfirmann ákærða og [B...] sem hafi bent þeim á umrædda vinnuvél. [A...] hafi tjáð

lögreglumönnum að hann hafi hitt ákærða um morguninn og þá hafi ákærði virst eðlilegur í framkomu. Í framhaldinu hafi vitnið sent ákærða að vinna við Elínarveg. Seinna hafi vitnið fengið símtal og honum tjáð að ákærði væri búinn að festa jarðýtuna og farinn að haga sér undarlega. Þegar vitnið hafi komið á vettvang hafi hann séð ákærða við stjórn jarðýtunnar, hún hafi setið föst en belti hennar snúist. Vitnið hafi þá farið inn í jarðýtuna og tekið kveikjuláslyklana úr henni.

8. Þegar lögreglumennirnir komu að vinnuvélinni hafi ákærði verið sofandi inni í vélinni. Þeir hafi gefið sig á tal við ákærða og upplýst hann um ástæðu afskipta þeirra af honum sem hann hafi skilið. Lögreglumenn hafi greint áfengislykt af ákærða og aðspurður gekkst ákærði við því að hafa verið að neyta áfengis. Lögreglumenn hafi að svo búnu beðið hann að koma yfir í lögreglubifreiðina. Þegar þangað var komið báðu þeir ákærða að blása í áfengismæli sem hann neitaði. Þá var klukkan 10:35 og ákærða tilkynnt að hann væri handtekinn grunaður um akstur undir áhrifum áfengis (stjórn vinnuvélar undir áhrifum áfengis) og um leið var honum kynnt réttarstaða sín sem hann kvaðst skilja.

9. Í framhaldi hafi ákærði verið fluttur á lögreglustöðina á Akranesi þar sem hjúkrunarfræðingur dróg úr honum blóð klukkan 10:53. Þar sem lögregla stóð ákærða ekki að akstri var í samræmi við verklag í þess konar málum tekið annað blóðsýni klukkutíma seinna og ákærði vistaður í fangaklefa fram að þeirri sýnatöku. Erfiðlega hafi gengið að draga úr ákærða blóð í seinna skiptið og því farið með hann á Heilsugæsluna á Akranesi þar sem hjúkrunarfræðingur dróg úr honum blóð klukkan 12:46. Að því loknu var ákærði látinn laus.

10. Í málinu liggur fyrir niðurstaða Rannsóknarstofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði dagsett 27. júní 2024. Rannsókuð voru tvö blóðsýni úr ákærða með gasgreiningu, fyrra blóðsýnið reyndist vera með 3,82% alkóhól í blóði en það seinna 3,39%. Í málinu liggur einnig fyrir bréf sömu rannsóknarstofu til Lögreglustjórans á Vesturlandi dagsett 6. nóvember 2025 þar sem farið er nánar yfir niðurstöður alkóhólmælingar fyrrgreindra blóðsýna. Er þar leitast við að svara spurningum Lögreglustjórans á Vesturlandi um það hve mikið áfengi viðkomandi sýnagjafi hafi þurft að innbyrða á tímabilinu frá klukkan 07:00 til 10:16 svo að 3,82% af alkóhóli greinist í blóðsýni sem tekið var klukkan 10:53. Einnig var leitað áhlits um hvað ætla megi að hafi verið mikið áfengi í blóði sýnagjafans um klukkan 07:00, 08:00, 09:00 og 10:16.

11. Í svari rannsóknarstofunnar kemur fram að þegar áfengis sé neytt fari hið virka efni þess, etanól, gegnum slímhúð meltingavegarins yfir í blóðrásina, svo nefnt frásog. Á meðan á þessu stendur fari styrkur etanóls hækkandi í blóðinu. Þegar neyslu etanóls sé hætt líði nokkur tími þar

til allt það etanól, sem kann að vera í maga og þörmum viðkomandi hefur náðst að frásogast. Venjulega megi gera ráð fyrir að því ljúki á einni til tveimur klukkustundum en þættir sem hafi þar áhrif séu til dæmis hvort drukkið sé á fastandi maga, tegund og magn áfengis. Eftir það fari styrkur etanóls að falla. Styrkurinn falli með nokkuð jöfnum hraða en það sé einstaklingsbundið hve hratt hann fellur. Brotthvarfshraði etanóls úr blóði sé yfirleitt 0,10% til 0,25% á klukkustund. Niðurstöður blóðsýna í málinu bendi því til þess að etanólstyrkur í blóði hafi náð hámarki þegar fyrra blóðsýnið var tekið, það er klukkan 10:53 ef litið er til þess að styrkur etanóls fer fallandi og er lægri þegar seinna blóðsýni er tekið klukkan 12:46. Samkvæmt þessu er brotthvarfshraði etanóls úr blóði hjá viðkomandi sýnagjafa 0,23% á klukkustund. Sé það lagt til grundvallar, hafi etanólstyrkur í blóði viðkomandi sýnagjafa verið 0,89% hærrí um klukkan 07:00, það er tæpum fjórum klukkustundum fyrir fyrri blóðsýnatöku, og um 0,14% hærrí um klukkan 10:16, það er 37 mínútum fyrir fyrri blóðsýnatöku að því gefnu að lítil sem engin drykkja alkóhóls hafi átt sér stað að minnsta kosti klukkustund fyrir þessa tímamark. Samkvæmt þessu hafi etanólstyrkur í sýnagjafa verið um 4,9% um klukkan 07:00 og um 4,1% um klukkan 10:16 og viðkomandi því „ofurölvi“ á þessu tímabili. Til að ná þessum etanólstyrk í blóði hefði viðkomandi þurft að innbyrða hálfan til rúmlega einn lítra af vodka að 40% styrk. Þessi háí etanólstyrkur í blóði viðkomandi og háí brotthvarfshraði etanóls bendi til þess að viðkomandi hafi byrjað að innbyrða áfengi einhverjum klukkustundum fyrir töku fyrra blóðsýnis.

III. Skýrslur fyrir dómi

12. Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi með aðstoð túlks. Sagðist hann hafa átt stuttan morgunfund með yfirmanni sínum og fleirum á verkstæðinu klukkan sjö, áður en hann fór að vinna á vinnusvæðinu við Elínarveg. Á vinnusvæðinu hafi aðstæður verið erfiðar, jarðvegur mjúkur og blautur. Til að koma í veg fyrir að vinnuvélin myndi festast hafi hann og samstarfsmenn hans reynt að leggja grjót undir vélinu. Það hafi þó ekki gengið og vélin á endanum setið föst. Hann hafi þá hringt í yfirmann sinn til að leita ráða. Þegar yfirmaður hans hafi komið á vinnusvæðið hafi hann verið ósáttur og sagt að ákærði hefði ekki átt að fara með vélinu inn á þetta svæði og kennt honum um hvernig komið væri fyrir vélinni. Ákærði kvaðst hafa verið stressaður og óánægður með sjálfan sig og stöðuna sem upp var komin því þetta var aðeins annar vinnudagur hans í þessari vinnu. Hann hafi einnig verið að ganga í gegnum erfiðan kafla í sínu persónulega lífi, Hann hafi því eftir að yfirmaður fór tekið eins lítra vodkaflösku, sem hann var með og klárað hana í einum teig. Sagðist hann átta sig á því að það hefði ekki verið góð ákvörðun en eftir það hafi hann ekkert keyrt vélinu enda hafi hún setið föst. Spurður hvenær hann hóf drykkju sagðist ákærði halda að það hafi verið um klukkan níu um morguninn. Aðspurður hvenær vinnuvélin festist sagðist ákærði ekki muna það alveg vegna þess hve langur tími sé liðinn frá

atburðinum en minnti að það hafi verið rétt áður en yfirmaður hans kom á staðinn. En nánast um leið og yfirmaður hans var farinn, eða svona tveimur mínútum seinna, hafi hann drukkið vodka flöskuna. Aðspurður sagði ákærði ástand sitt hafa verið eðlilegt og gott þegar hann kom til vinnu um morguninn og hann hafi ekið sjálfur frá verkstæðinu að vinnusvæðinu en það hafi verið um fimm mínútna akstur. Spurður nánar út í framburð sinn um að vélin hafi setið föst og hvort það hefði verið hægt að hreyfa hana eftir það, sagði hann, að ekki hefði verið hægt að hreyfa hana. Framburður vitnisins [A...], um að vitnið hefði komið að vélinni í gangi, belti hennar snúist og vitnið þurft að taka kveikjuláslykla hennar af honum var borinn undir ákærða. Neitaði ákærði fyrir að svo hefði verið og kvað hann vélina ekki hafa verið í gangi.

13. Vitnið [A...], kt. ..., ..., ... gaf skýrslu fyrir dómi og skýrði þannig frá málsatvikum að ákærði hefði verið að vinna hjá ... bæði á beltagröfu og jarðýtu. Pennan dag hafi hann hitt ákærða örstutt á morgunfundi á verkstæðinu um klukkan hálf átta þar sem farið var yfir stöðuna áður en menn voru sendir út að vinna. Kvaðst vitnið ekki hafa orðið þess var að ákærði væri undir áhrifum áfengis á þeim tíma, enda hefði hann ekki sent hann af stað ef svo væri. Ákærði hafi svo farið að vinna við Elínarveg við það að taka á móti efni og jafna það út með jarðýtunni. Um tíu mínútum fyrir tíu hafi bílstjórinn sem var að keyra efni í ákærða hringt í vitnið og tjáð honum að ákærði væri ölvaður og búinn að festa jarðýtuna. Vitnið hafi í framhaldinu farið á staðinn og séð hvar ákærði var búinn að keyra jarðýtuna út í bakka á skurði. Vitnið hafi að svo búnu haft samband við lögreglu. Jarðýtan hafi enn þá verið í gangi og belti hennar að snúast. Vitnið hafi reynt að ná sambandi við ákærða án árangurs og að lokum hafi hann stokkið inn í jarðýtuna, tekið kveikjuláslykla hennar og drepit á henni. Aðspurður hvort jarðýtan hafi verið pikkföst sagðist vitnið ekki alveg þora að fullyrða það, en sagði að sér minnti að þeir hafi þurft að losa hana með annarri vél. Framburður ákærða um að jarðvegur hefði verið laus og mjúkur var borinn undir vitnið. Kvað vitnið svo ekki hafa verið. Þarna hafi verið unnið að því að setja malarfyllingu ofan á fastann botn. Ákærði hafi fest vélina því hann hafi ekið inn í bakkann, beltin hafi verið á hreyfingu og grafið sig í bakkann. Aðspurður um ástand ákærða þegar vitnið tók kveikjuláslyklana sagði hann ákærða hafa verið ofurólvi og ekki hægt að ná neinu sambandi við hann sem hafi endað með því að lögreglan þurfti að ná honum úr vélinni. Framburður ákærða þess efnis að ákærði hefði hafið neyslu áfengis eftir að þeir tveir fóru yfir málín saman var borinn undir vitnið. Kvað vitnið að svo hefði ekki verið, hann hefði ekki náð neinu sambandi við hann þegar hann kom á svæðið. Eftir að hann tók kveikjuláslyklana úr vélinni hafi hann beðið út í bifreið sinni þar til lögregla kom á vettvang. Á meðan hafi ákærði setið inni í jarðýtunni. Aðspurður hvort einhver annar frá ... en vitnið hefði mögulega komið á staðinn eftir morgunfundinn og farið yfir stöðu mála með ákærða og farið svo aftur, sagði vitnið að bílstjórnarnir sem voru að keyra efni í ákærða hefðu alveg getað rætt eitthvað við hann.

14. Vitnið [B...], kt. ..., ..., ... gaf skýrslu fyrir dómi. Kvaðst hann hafa hitt ákærða á vinnufundi um morguninn og þá hafi ekki verið hægt að sjá að ákærði væri undir áhrifum áfengis. Tal og framkoma ákærða hefðu verið eðlileg en vitnið hefði þó ekki rætt mikið við hann. Vitnið [A...] hefði svo hringt í sig með þær upplýsingar að ákærði væri að stjórna vinnuvélinni undir áhrifum áfengis og hann væri búinn að festa vélina. [A...] og vitnið hafi í framhaldinu farið á vinnusvæðið og séð ákærða sem var augljóslega undir áhrifum áfengis og búinn að festa vélina. Aðspurður hvort kveikt hafi verið á vélinni sagði vitnið, já við slökktum á henni, hún var bara föst að spóla, komst ekkert áfram. Aðspurður hvort hann hafi séð belti vélarinnar á hreyfingu sagði vitnið að hann muni það ekki. Hann hafi komið á staðinn aðeins á eftir [A...] og taldi að þá hefði [A...] þegar verið búinn að taka kveikjulaslyklana. Hvort vitnið hefði áður en að þessu kom eitthvað farið og hitt ákærða á vinnusvæðinu eftir morgunfundinn svaraði vitnið því neitandi.

15. Lögreglumaður ... gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað. Hann kvað lögreglu hafa fengið tilkynningu um mann sem væri að stjórna vinnuvél undir áhrifum áfengis. Lögreglumenn hafi farið á staðinn og hitt fyrir tilkynnanda sem benti þeim á umrædda vinnuvél. Lögreglumenn hafi farið að henni og séð þar sofandi mann, sem reyndist vera ákærði. Þeir hafi gefið sig á tal við hann og við það hafi hann rumskað. Úr vélinni hafi lagt mikinn áfengisþef. Ákærði hafi komið með þeim í lögreglubílinn þar sem hann gekkst við því að hafa neytt áfengis en neitaði að blása í áfengismæli. Ákærði hafi að svo búnu verið handtekinn og um leið kynntur réttur sinn. Í framhaldinu hafi þeir farið með ákærða á lögreglustöðina á Akranesi þar sem dregið var úr honum blóð. Annað blóðsýni hafi svo verið dregið úr ákærða á Heilsugæslunni á Akranesi um klukkutíma seinna þar sem hann hafi ekki verið staðinn að akstri. Að svo búnu hafi hann verið látinn laus. Aðspurður hvort ákærði hafi verið viðræðuhæfur kvað lögreglumaðurinn ákærða hafa svarað spurningum en verið sjáanlega ölvaður.

16. Lögreglumaður ... gaf skýrslu fyrir dómi og lýsti því að lögreglu hefði borist tilkynning um hugsanlega ölvaðan stjórnanda vinnuvélar. Komið hafi fram í tilkynningu að búíð væri að taka kveikjulaslykla vélarinnar en ekki næðist að taka ökumann vélarinnar úr henni. Lögreglumaðurinn hefði farið á vettvang ásamt öðrum lögreglumanni en sá þriðji hefði komið stuttu seinna. Á vettvangi hefði hann rætt við tilkynnanda og síðan aðstoðað að ná ákærða úr vinnuvélinni. Ákærði hafi að svo búnu verið færður í lögreglubifreið þar sem þeir hafi rætt við hann. Ákærði hafi verið sjáanlega undir áhrifum áfengis, bæði af lyktinni að dæma og ástandi hans þegar hann kom út úr vinnuvélinni. Ákærði hefði neitað að blása í áfengismæli og í kjölfarið hafi hann verið handtekinn og fluttur á lögreglustöðina á Akranesi, þar sem tekið var úr honum blóðsýni. Ákærði var ekki staðinn að akstri og því hafi annað blóðsýni verið tekið rúmum

klukkutíma seinna en vegna erfiðleika við að taka seinna sýnið hafi sýnatakan verið framkvæmd á Heilsugæslunni á Akranesi.

17. [D...], verkefnastjóri rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði gaf símaskýrslu fyrir dómi og fór yfir niðurstöður matsgerðar hans sem liggur fyrir í málinu. Lýsti hann því hvernig niðurstöður matgerðarinnar voru fengnar, það er brotthvarfshraði etanóls úr blóði ákærða og hvernig reiknað hafi verið út að ákærði hefði verið með 4,9‰ af alkóhóli í blóði um klukkan 7:00 um morguninn og 4,1‰ af alkóhóli í blóði klukkan 10:16. Aðspurður við hvaða tímamark ákærði hefði síðast getað neytt áfengis sagði vitnið að erfitt geti verið að vita hversu hratt fólk verður almennt ölvað en til að ná þessum háa styrk etanóls í blóði, úr engu, þyrfti einhverjar klukkustundir. Vitnið var spurt hvernig það samræmist niðurstöðu matsgerðarinnar að fyrir dóminn hafi komið önnur vitni og lýst því að þau hafi ekki orðið vör við að ákærði væri undir áhrifum áfengis klukkan 7:00 um morguninn. Svaraði vitnið að sjá megi af þessum tveimur blóðsýnum að ákærði sé alveg kominn í jafnvægi sem þýði að töluvert langt sé síðan hann neytti áfengis. Fræðilega séð gæti hann verið að ná hámarkinu þegar fyrra blóðsýnið var tekið en það sé ekki vitað, en ítrekaði að til að ná þessum styrk etanóls í blóði þurfi nokkrar klukkustundir. Aðspurður hvort mögulegt sé að einstaklingur, sem innbyrði mikið magn af áfengi í senn, til að mynda lítra af vodka, sé enn þá í frásogi þegar blóðsýni er tekið 90 mínútum síðar, svaraði vitnið því neitandi og ítrekaði aftur að það taki tíma að ná þessum háa styrk etanóls í blóði. Framburður ákærða um að hann hafi drukkið þennan lítra af vodka í einum teig rétt áður en hann var handtekinn var borinn undir vitnið. Svaraði vitnið því að það gæti ekki verið því það taki tíma að koma áfenginu niður og ná jafnvæginu. Hjá flestum séu „mekanískar“ í maganum sem hleypi ekki alkóhólinu í gegn þegar það er innbyrt svona hratt, það sé bara lokað fyrir. Aðspurður hvort það hefði haft áhrif á matsgerðina ef legið hefði fyrir þvagsýni, sagði vitnið það geti hjálpað til, það sé þó misjafnt milli þvagrúfa og atriði eins og hvort viðkomandi sé nýbúinn að hafa þvaglát geti skipt máli. Út frá þvagsýni sé hins vegar hægt að sjá hver meðalstyrkur etanóls var í blóðinu einhvern tíma áður en fyrra blóðsýni var tekið, þá megi sjá hvort viðkomandi hafi verið fallandi fyrir töku á fyrra blóðsýni. Um það hvort lyfjagjöf, til dæmis ef viðkomandi væri í krabbameinslyfjagjöf, gæti haft áhrif á niðurstöður matgerðarinnar taldi vitnið það frekar vera í hina áttina, þar að segja að etanólið færi hægar út í blóðið. Aðspurður hvort einstaklingur sem mælist með 4,9‰ af alkóhóli í blóði klukkan 7:00 sé „óstarfshæfur“ og sýni augljós merki ölvunar kvað vitnið að öllum venjulegum kringumstæðum ætti það að vera svo. Það sama ætti við þegar fyrra blóðsýnið hafi verið tekið. Þetta séu mjög há gildi sem mælast en svo virðist sem sumir „funkeri bara enn þá eitthvað“ þó þeir mælist með svona há gildi í blóðinu, en vitnið kvaðst ekki áður hafa séð tölur nálægt 5‰ í mælingum.

IV. Niðurstaða

18. Ákærða er gefið að sök umferðarlagabrot, með því að hafa miðvikudaginn 19. júní 2024, á eða við Elínaveg á Akranesi stjórnað vinnuvélinni (jarðýtu) GB-0630 undir áhrifum áfengis en í blóðsýni mældist vínandamagn 3,82 ‰. Samkvæmt 1. mgr. 49. gr umferðarlaga nr. 77/2019 má enginn stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki ef hann eru undir áhrifum áfengis. Undir þetta fellur stjórnun vinnuvélar sem samkvæmt skilgreiningu 3. gr. a-liðar 44 töluliðar sömu laga er vélknúð ökutæki sem aðallega er ætlað til sérstakra verka, er búð áfestum tækjum eða vélum og er á hjólum og/eða beltum. Enginn ágreiningur er um að stjórnun á vél þeirri sem ákærða hafði verið treyst fyrir, falli undir umrætt ákvæði.

19. Ákærði hefur neitað sakargiftum eins og þeim er lýst í ákæruskjali málsins. Hann játar að hafa neytt áfengis en neitar því að hafa ekið eða stjórnað vinnuvélinni eftir það. Vörn ákærða hefur einkum byggt á því að hann hafi hafið neyslu áfengis eftir að hann festi vinnuvélina og ekkert hreyft við henni eftir það. Þegar honum hafi orðið ljóst að vélin var föst hafi hann drukkið einn lítra af vodka í einum teig. Ekki liggi fyrir nein óyggjandi sönnun þess efnis að hann hafi stjórnað vélinni eftir að hann hóf neyslu áfengis.

20. Framburður vitna fyrir dómi var rakinn hér að framan. Samkvæmt framburði vitnisins [A...] kom hann að ákærða í vinnuvélinni þar sem hún sat föst en belti hennar að snúast. Vitnið hafi reynt að ná sambandi við ákærða án árangurs og að lokum hafi hann stokkið inn í jarðýtuna, tekið kveikjulaslykla hennar og drepíð á henni. Vitnið [B...] kom einnig á svæði og kveðst hafa séð ákærða í vélinni, augljóslega undir áhrifum áfengis og búinn að festa vélina. Vélina hafi verið föst, spólandi og ekki komist áfram og þeir sem komu að hafi slökkt á vélinni. Ekkert samband hafi náðst við ákærða.

21. Dómurinn telur framburð ákærða um atvik máls ótrúverðugan og að hann fái ekki stuðning í öðrum gögnum málsins. Ekkert staðfestir t.a.m. þann framburð ákærða að hann hafi hringt í yfirmann sinn til að leita ráða þegar hann hafi fest vélina og að yfirmaður hans hafi þá komið á staðinn og kennt honum um hvernig komið var. Jafnframt er ekkert komið fram um að aðstæður hafi verið erfiðar þarna umrætt sinn eins og ákærða útskýrði, heldur þvert á móti. Framangreindur framburður yfirmanna ákærða, sem er á hinn bóginn trúverðugur og fær stuðning í framburði lögreglumanna sem komu fyrir dóminn, staðfestir að mati dómsins að þegar að var komið hafi ákærði setið við stjórnþæki vinnuvélarinnar og vélina í gangi og belti hennar snúist. Ágreiningslaust er að það var ákærði sem kom vélinni í þessa stöðu. Að þessum framburði virtum verður þannig að líta svo á að mati dómsins að umrædd vél hafi verið undir stjórn ákærða umrætt sinn eða hann reynt að stjórna henni, þar sem hann sat í ökumannsæti með vélina í gangi og belti

vélarinnar á hreyfingu. Þegar af þessari ástæðu verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru. Engu máli skiptir í þessu sambandi eins og atvikum háttar, hvort vélin hafi á því tímamarki verið það illa föst fyrir aðgerðir ákærða að henni hafi þá ekki verið hnikað af eigin vélarafli. Af framburði fyrir dómi mátti ráða að erfitt hafi verið m.v. aðstæður við verkið að koma vélinni í þessar ógöngur sem gefur einnig eindregið til kynna að ákærði hafi ekki haft stjórn á aðstæðum.

22. Dómurinn telur þá framburð [D...] sérfræðings og niðurstöður úr rannsóknum blóðsýna styðja eindregið sakfellingu. Sá framburður kastar ólíkindablæ á þann framburð ákærða að hann hafi byrjað drykkju um níuleytið og drukkið þetta mikla magn af sterku áfengi á jafn skömmu tíma og svo stuttu fyrir blóðsýnatöku. Niðurstaða rannsóknarinnar verður skilin svo að næstum útilokað sé ákærði hafi ekki hafið drykkju fyrr en hann segir. Umrædd rannsókn bendir þannig til þess að ákærði hafi neytt áfengis mun fyrr um morguninn og mjög líklega áður en hann kom til vinnu þótt fyrir liggi að enginn hafi áttað sig á þessari stöðu ákærða þá, eða a.m.k. hafi hann hafið drykkju þá þegar og hann yfirgaf starfsstöð. Dómurinn telur því jafnframt hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis allt frá því að hann hóf stjórn á vélinni þar til utanaðkomandi mann þurfti til að taka þá stjórn af honum með því að drepa á vélinni og fjarlægja lykila.

23. Ákærði verður því sakfelldur fyrir það brot sem honum er gefið að sök í ákærðu og hefur hann með háttsemi sinni gerst brotlegur við 1., sbr. 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

V. Ákvörðun refsingar og sakarkostnaður

24. Ákærði sem er fæddur hefur verið sakfelldur fyrir akstur undir áhrifum áfengis. Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsett 26. mars 2025, hefur hann ekki sætt refsingu áður. Fram kemur í viðauka I við *reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim*, nr. 1240/2019, sem sett er með heimild í 97. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, að refsing fyrir fyrsta ölvunarakstur, þegar vínandamagn er á bilinu 2,51% eða hærra, skuli vera 270.000 króna sekt og svipting ökuréttar í þrjú ár og sex mánuði. Samkvæmt ákæru í málinu var vínandamagn í blóði ákærða 3,82%. Engin ástæða er til þess í málinu að víkja frá framangreindum viðmiðum, og með vísan til framangreinds verður refsing ákærða ákveðin 270.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem ákærða ber að greiða innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja, en sæta ella fangelsi í 20 daga.

25. Með vísan til framangreinds og þeirra lagaákvæða sem greinir í ákæru er ákærði sviptur ökurétti í þrjú ár og sex mánuði frá birtingu dóms að telja.

26. Ákærða verður í samræmi við niðurstöðu málsins og 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 gert að greiða allan sakarkostnað samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti sem og málsvarnarlaun verjanda. Málsvarnarlaun verða með hliðjón af framlagðri tímaskýrslu, umfangi málsins og reglum dómstólasýslunnar nr. 1/2025, ákveðin hæfileg 800.000 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá skal ákærði greiða aksturskostnað verjanda, svo sem í dómsorði greinir.

27. Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari flutti málið fyrir dómi af hálfu ákæruvalds.

28. Dóm þennan kveður upp Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari á Vesturlandi.

D Ó M S O R Ð

Ákærði, Arturas Baksys, greiði 270.000 króna sekt til ríkissjóðs og komi til 20 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökurétti í þrjú ár og sex mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði verjanda sínum, Leó Daðasyni lögmanni, 800.000 krónur í málsvarnarlaun auk 20.736 króna í aksturskostnað.

Þá greiði ákærði 96.906 krónur í annan sakarkostnað.

Lárentsínus Kristjánsson